



Talnabrunnur

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar

Embætti landlæknis


Notkun ADHD lyfja hjá fullorðnum og börnum 2013-2022

Fyrri úttektir embættis landlæknis á notkun ADHD lyfja á Íslandi hafa sýnt að notkunin hefur aukist mikið undanfarinn áratug. Þau lyf sem mest eru notuð við þessari taugaproskaröskun innihalda metýlfenidat sem er í flokki adrenergískra lyfja sem verka á miðtaugakerfið (ATC flokkur N06BA).

Upplýsingar um **lyfjaávisanir og afgreiðslur** byggja á gögnum úr **lyfjagagnagrunni** embættis landlæknis sem inniheldur upplýsingar um allar afgreiðslur lyfjaávisana. Til einföldunar er með „notkun“ átt við það sem afgreitt er í lyfjabúðum.

Árið 2022 nam notkun lyfja í ATC flokki N06BA rúmlega 57 skilgreindum dagskömmtum á hverja 1.000 íbúa á dag (DDD/1.000/dag) samanborið við 51 dagskammt árið 2021. Það samsvarar 12,3% aukningu á milli ára sem er minni aukning en verið hefur undanfarin ár.

Talsverð breyting hefur orðið á notkunarmynstri lyfja í flokki adrenergískra lyfja á undanförunum 4 árum. Sem fyrr er metýlfenidat mest notaða lyfið í þessum flokki eða um 67% af því heildarmagni (DDD/1.000 íbúa/dag) sem notað er. Hlutfall lisdex- amfetamíns af heildarmagni afgreiddra lyfja í flokki adrenergískra lyfja (ATC flokkur N06BA) hefur farið ört vaxandi frá því að það kom á markað árið 2017 og er nú um 28% af heildarmagni afgreiddra lyfja í flokki adrenergískra lyfja (ATC flokkur N06BA) (var tæp 19% árið 2021). Notkun annarra lyfja í þessum flokki er mun minni (mynd 1).



Mynd 1. Notkun adrenergískra lyfja sem verka á miðtaugakerfið (DDD/1.000 íbúa/dag) [ATC flokkur N06BA] greind eftir undirlyfjaflokkum, 2013 – 2022.

Umtalsverður munur er á hverju þessara lyfja er ávísað eftir því hvort börn eða fullorðnir eiga í hlut. Þannig var metýlfenidat stærsti hluti (88%) þeirra lyfja í fyrrnefndum flokki (N06BA) sem ávísað var til barna. Til samanburðar var metýlfenidat 62% af því heildarmagni sem ávísað var til fullorðinna. Þá var lisdexamfetamín 9,4% af ávísuðu heildarmagni til barna en 33% af ávísuðu heildarmagni til fullorðinna. Aukna notkun lisdexamfetamíns má a.m.k. að hluta til rekja til þess að fyrrnefnt lyfið er á óvirku formi við inntöku og verður fyrst virkt við upptöku lyfsins úr meltingarvegi. Þessi eiginleiki lisdexamfetamíns verður til þess að erfitt er að misnota lyfið á sama hátt og metýlfenidat, sem er á virku formi við inntöku. Ennfremur benda sumar rannsóknir til þess að lyfið hafi minni aukaverkanir en metýlfenidat.

Hlutfallsleg breyting á afgreiddu magni adrenvirkra lyfja milli ára


Frá árinu 2014 hefur notkun adrenvirkra lyfja aukist um að meðaltali 11% á ári hjá börnum og um rúmlega 17% hjá fullorðnum. Undanskilin frá meðaltalsútreikningi er neikvæð hlutfallsleg breyting milli áráanna 2017 og 2018 sem að öllum líkindum skýrist af breytingu á reglugerð um lyfjaávisanir og afhendingu lyfja nr. 1266/2017. Á árinu 2022 virðist hafa hægst á þessari aukningu, sér í lagi hjá börnum þar sem hlutfallsleg aukning á milli áráanna 2021 og 2022 var 5%. Hjá fullorðnum var samsvarandi aukning 15% (mynd 2).




Mynd 2. Hlutfallsleg breyting á afgreiddu magni af adrenvirkum lyfjum sem verka á miðtaugakerfið [ATC flokkur N06BA] á milli ára hjá börnum (<18 ára) og fullorðnum (≥18 ára), 2013-2022.

Aukning í notkun á ADHD lyfjum er meiri meðal kvenna/stúlkna en karla/drengja

Á árinu 2022 fengu alls 20.680 einstaklingar ávísað lyfjum í ATC flokki N06BA, þar af 6.807 börn (<18 ára) og 13.873 fullorðnir. Þetta samsvarar því að 55 af hverjum 1.000 íbúum hafi fengið ávísað slíkum lyfjum árið 2022, sem er um 11,1% aukning frá árinu áður þegar 49 af hverjum 1.000 íbúum fengu ávísað lyfjum í þessum flokki. Hlutfall þeirra sem fengu ávísað slíkum lyfjum var mun hærra hjá börnum en fullorðnum eða 81 af hverjum 1.000 börnum samanborið við 47 af hverjum 1.000 fullorðnum (mynd 3).




Mynd 3. Fjöldi barna (<18 ára) og fullorðinna (≥18 ára) sem fékk a.m.k. eina ávísun af adrenvirkum lyfi sem verkar á miðtaugakerfið (notendur/1.000 íbúa) [ATC flokkur N06BA], 2013 – 2022.



Mynd 4. Fjöldi barna (<18 ára) og fullorðinna (≥18 ára) sem fékk a.m.k. eina ávísun á adrenvirkt lyf sem verkar á miðtaugakerfið (notendur/1.000 íbúa) [ATC flokkur N06BA] greint eftir kyni, 2013 – 2022.


Þegar á heildina er litið eru karlar meirihluti notenda adrenvirkra lyfja sem verka á miðtaugakerfið. Á árinu 2022 fengu 10.900 karlar (56 af hverjum 1.000 körlum) slíku lyfi ávísað á móti 9.755 konum (43 af hverjum 1.000 konum). Þennan kynjamun má að öllu leyti rekja til þess að notkun lyfjanna er tæplega tvisvar sinnum meiri hjá drengjum en stúlkum (<18 ára) (mynd 4). Kynjamunur í notkun þessara lyfja hjá fullorðnum hefur, þar til á allra síðustu árum, verið óverulegur. Hins vegar hefur notkun adrenvirkra lyfja sem verka á miðtaugakerfið aukist meira hjá konum en körlum á undanförunum árum og nú er svo komið að konur eru meirihluti fullorðinna notenda. Þannig fengu 51 af hverjum 1.000 konum ávísað slíkum lyfjum árið 2022 á móti 30 af hverjum 1.000 körlum (mynd 4).



Mynd 5. Fjöldi barna (<18 ára) sem fékk a.m.k. eina ávísun ávísun á adrenvirkt lyf sem verkar á miðtaugakerfið (notendur/1.000 íbúa) [ATC flokkur N06BA] greint eftir kyni og aldursflokkum, 2013 – 2022.

Notkun adreinvirkra lyfja sem verka á miðtaugakerfið var mest á meðal drengja á aldrinum 15-17 ára þar sem 181 af hverjum 1.000 drengjum fékk slíku lyfi ávísað a.m.k. einu sinni árið 2022. Notkunin var litlu minni hjá drengjum á aldrinum 10-14 ára (177/1.000). Á meðal stúlkna er notkunin einnig mest í aldurshópnum 15-17 ára þar sem 130 af hverjum 1.000 stúlkum fengu slíku lyfi ávísað a.m.k. einu sinni 2022 (mynd 5).

Sem fyrr segir, er notkun adreinvirkra lyfja sem verka á miðtaugakerfið meiri meðal kvenna en karla, öfugt við það sem gerist hjá börnum. Greinilegan mun má sjá á notkunarmynstri eftir aldri þar sem notkunin er mest hjá yngsta aldurshópnum (18-24 ára) en 85 af hverjum 1.000 körlum og 84 af hverjum 1.000 konum fengu slíku lyfi ávísað á árinu 2022. Hjá körlum fer notkunin hratt minnkandi með hækkandi aldri á meðan fyrst dregur úr notkun þessara lyfja hjá konum eftir 45 ára aldur (mynd 6).




Mynd 6. Fjöldi fullorðinna (≥ 18 ára) sem fékk a.m.k. eina ávísun á adreinvirkt lyf sem verkar á miðtaugakerfið (notendur/1.000 íbúa) [ATC flokkur N06BA] greint eftir kyni og aldursflokkum, 2013 – 2022.

Samhliða notkun ADHD lyfja og melatóníns

Svefntruflanir er algengur fylgikvillur ADHD röskunar. Auk þeirra svefntruflana sem sjálf röskunin veldur, getur lyfjameðferð við ADHD einnig valdið svefnröskunum, t.d. ef skammtur er tekin seint að deginum.

Á undanförunum árum hefur færst í vöxt að melatóníni (ATC flokkur N05CH01) sé ávísað samhliða ADHD lyfjum til meðhöndlunar á svefnröskunum hjá einstaklingum með ADHD. Melatónín er náttúrulegt hormón sem gegnir hlutverki í stjórn á svefni og dægursveiflu. Líkaminn myndar sjálfur melatónín og stýrist framleiðslan af birtustigi. Undir eðlilegum kringumstæðum eykst framleiðsla melatóníns þegar fer að skyggja sem veldur syfju. Melatónín sem gefið er sem lyf getur komið að gagni við að bæta svefngæði.

Af þeim 20.680 einstaklingum sem fengu ávísað ADHD lyfjum á árinu 2022, fengu 3.908 einstaklingar einnig ávísað melatóníni. Þetta samsvarar því að um 19% einstaklinga á ADHD lyfjum hafi einnig fengið ávísað melatóníni á árinu 2022 (samhliða notkun) (mynd 8). Með samhliða notkun er átt við þegar ADHD lyf og melatónín eru leyst út innan sama almanaksárs.



Samhliða notkun ADHD lyfja og melatóníns er meiri hjá börnum en fullorðnum. Þannig fengu um 35% barna (<18 ára) á ADHD lyfjum einnig ávísað melatóníni (2.378/6.807) árið 2022 sem er óbreytt hlutfall frá árinu 2021. Á meðal fullorðinna var þetta hlutfall 11% (1.530/13.873).

Mynd 8. Fjöldi einstaklinga sem fékk ávísun á adrenergískt lyf sem verkar á miðtaugakerfið [ATC flokkur N06BA] eingöngu og fjöldi einstaklinga sem fékk slíku lyfi ávísað ásamt melatóníni [ATC flokkur N05CH01], 2013-2022

Mjög sjaldgæft er að svefnlyf í ATC flokki N05C, önnur en melatónín, séu notuð fyrir börn með ADHD. Öðru máli gegnir um fullorðna þar sem önnur svefnlyf eru notuð til jafns á við melatónín. Þannig fengu 13% fullorðinna svefnlyf í ATC flokki N05C, önnur en melatónín, samhliða ADHD lyfjum.

Umræða

Enn fjölga þeim sem fengu ávísað adrenergískum lyfjum sem verka á miðtaugakerfið (ADHD lyfjum). Fjölgunin var meiri hjá konum en hjá körlum og eru konur nú meirihluti fullorðinna notenda. Sömuleiðis var fjölgun milli ára meiri hjá stúlkum (9%) en hjá drengjum (3%). Þrátt fyrir það eru drengir enn í meirihluta þegar kemur að notkun þessara lyfja hjá börnum.

Notendum fjölgaði minna milli árana 2021 og 2022 en verið hefur á undanförunum árum. Það er mögulegt að hægarri vöxtur í fjölda notenda ADHD lyfja sé vísbending um að hámarki kunni að verða náð á næstu árum. Á hinn bóginn má mögulega skýra þessa þróun með öðrum þáttum, t.d. skertu aðgengi að geðlæknum sem sinna ADHD greiningum.

Embætti landlæknis mun halda áfram að fylgjast með þróun í notkun þessara lyfja og miðla þeim upplýsingum til haghafa með árlegri birtingu á ítarlegri samantekt sem þessari.

Védís Helga Eiríksdóttir

Efni
Notkun ADHD lyfja hjá fullorðnum og börnum 2013-2022

Bls.
1

Ritstjórn
Védís Helga Eiríksdóttir, ritstjóri
Sigríður Haralds Elinardóttir, ábm.
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Embætti landlæknis
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
S. 510 1900
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is